



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Mosfellsbæjar
Regína Ásvaldsdóttir
Mosfellsbær
Þverholti 2
270 Mosfellsbæ

Kópavogur, 19. júní 2024
Málsnr. 2303003

Efni: Innleiðing á loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins og útreikningur á losun - kynning á skýrslum.

Á 579. fundi stjórnar SSH sem fram fór mánudaginn 3. júní sl. var neðangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

2303003 – Loftslagsstefna – innleiðing – Sóknaráætlun 2023

Hinn 11. ágúst 2023 undirrituðu borgarstjóri og bæjarstjóri sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu ásamt framkvæmdastjóra SSH undir loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins. Í kjölfar undirritunarinnar gerði SSH samkomulag við umhverfis-, orku- og auðlindaráðuneytið í heim tilgangi að fylgja loftslagsstefnunni eftir, m.a. með ráðningu ráðgjafa til þess að aðstoða sveitarfélögin við að móta aðgerðir til samræmir við verkfærakistu loftslagsstefnunnar. Þá yrði einnig unnið nýtt mat á losun gróðurhúsalofttegunda. SSH gerði samning við VSO ráðgjöf til að sinna ofangreindum verkþáttum.

Fyrirnefndum verkefnum er nú lokið og eru fyrirliggjandi skýrslan Útreikningur á losun höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2022 dags. maí 2024. Þá er einnig fyrirliggjandi skýrslan Innleiðing á loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins dags. maí 2024. Herdís Sigurgrímsdóttir og Bryndís Skúladóttir kynna.


Lagt er til að skýrslunum verði vísað til sveitarfélaganna til kynningar.

Niðurstaða fundar:

Skrifstofa SSH er falið að senda fyrirliggjandi skýrslur til kynningar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna. Jafnframt verði þær kynntar á sérstökum kynningarfundum (örfundi) fyrir kjörna fulltrúa og með sérstöku erindi til umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Lagt fram til kynningar.

Er vísað til meðfylgjandi skýrsla og farið fram á að þær verði teknar til kynningar á vettvangi sveitarfélagsins sbr. framangreint.

Virðingarfyllst,

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH

Meðfylgjandi:

1. *Kolefnisspor höfuðborgarsvæðisins Útreikningur á losun árið 2022. Maí 2024.*
2. *Innleiðing loftslagsstefnu höfuðborgarsvæðisins. Ráðgjöf og tillögur að aðgerðum sveitarfélaga til að draga úr losun til ársins 2035. Maí 2024.*